

Tollafgreiðsla notaðra bíla - leiðbeiningar

Til að geta tollafgreitt notaða bíla þarf eftirfarandi pappíra/upplýsingar:

- Tilkynningu frá flutningsaðila
- Upplýsingar um allan erlendan kostnað
- Vörureikning
- Afrit af erlendu skráningarskírteini.
- Íslenskt fastanúmer

1. Þegar bíll er kominn til landsins þarf að afhenda pappíra í afgreiðslu Jóna Transport í Kjarlavorgi, 2. hæð, til tollskjalagerðar eða senda rafrænt á tolladeild@jonar.is Þeir pappírar sem koma til landsins með bílnum eru yfirleitt farmtrygging, reikningur og frumrit af erlendu skráningarskírteini.

Mikilvægt er að allar upplýsingar um erlendan kostnað vegna forflutnings erlendis komi fram. Einnig þarf að taka fram hvort einhverjir hlutir (t.d. dekk) fylgi bílnum.

2. Fara í Samgöngustofu, Ármúla 2, og fá fastanúmer (bílnúmer)

Þar þarf að leggja fram umsókn um forskráningu. Þeirri umsókn þarf að fylgja frumrit af erlendu skráningarskírteini (Original Title) og farmbréfi frá farmflytjanda eða flutningsaðila.

Hægt er að fá leigð rauð númer hjá skoðunarstöðvum þar sem ekki er leyfilegt að aka bifreið án númers á Íslandi.

3. Gefa þarf tolladeild Jóna Transport upplýsingar um fastanúmer bifreiðar þegar skráning þess liggur fyrir hjá Samgöngustofu.

4. Tollskýrsla er lögð inn til tolls og getur afgreiðsla þar tekið að jafnaði 2 til 5 virka daga.

Afhendingarheimild er einungis veitt þegar búið er að greiða öll aðflutningsgjöld. Gjöld þessi koma til greiðslu hjá Tollstjóranum í Reykjavík við Tryggvagötu.

Fulltrúi tolladeildar Jóna Transport lætur móttakanda vita þegar afhendingarheimild er komin.

5. Greiða flutningsgjöld, ef ekki þegar greidd, og sækja bíl hjá farmflytjanda eða flutningsaðila. Farmflytjandi eða flutningsaðila ætti að hafa borist rafræn staðfesting um afhendingarheimild tolls. Í einstaka tilfellum gæti þurft að framvísa afhendingarheimild tolls.

6. Farið er með bílinn á þá skoðunarstöð sem númeraplötur, (fastanúmer) farartækis eru sendar til. Vörugjöld er hægt að greiða á skoðunarstöð ef þess er óskað.